

Rottugildran

Innihald:

1 rottugildra

18 rauðir tréostar (3 stig hver)

18 bláir tréostar (2 stig hver)

18 gulir tréostar (1 stig hver)



Undirbúningur:

Annar leikmaðurinn opnar rottugildruna og hinn setur alla ostana í gildruna. Svo er gildrunni lokað varlega svo það haldist þrýstingur á ostunum.

Reglur:

Yngri leikmaðurinn byrjar með því að taka einn ost upp í einu, hann má halda áfram þar til gildran hreyfist. Þá þarf leikmaðurinn að skila ostinum sem hreyfði gildruna. Þá á hinn leikmaðurinn leik, og svo koll af kolli þar til ekki er hægt að ná fleiri ostum úr gildrunni.

Sá sem safnar flestum stigum vinnur leikinn.